

11. gr.

Fyrir notkun bráðabirgðaskráningarmerkis ber að greiða 4 000 kr. á ári. Nú leyfir lögreglustjóri notkun bráðabirgðaskráningarmerkis í styttri tíma, og greiðir eigandi ökutækis þá fyrir notkun og ábyrgðartryggingu 280 kr. fyrir hvern dag eða hluta úr degi, er hann hefur bráðabirgðaskráningarmerki í sínum vörslum. Gjaldið greiðist fyrirfram miðað við áætlaðan notkunartíma.

III. Gjöld samkvæmt lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977.

12. gr.

Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir:

	Kr.
1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað	560
2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna	280
3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. reglugerð nr. 174 1979	220
Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsg. 8. gr. reglugerðar nr. 16 1978.	

13. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari renna í ríkissjóð.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um dómsmálagjöld o. fl., nr. 540 31. desember 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Hjalti Zóphóníasson.

REGLUGERÐ

um skoðunargjald ökutækja.

Almennt skoðunargjald.

1. gr.

Fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls, sem færa ber til almennrar skoðunar, ber eiganda að greiða 1200 króna árlegt skoðunargjald til lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), þar sem bifreiðin eða bifhjólið er skráð.

Gjald þetta greiðist fyrirfram og er gjalddagi þess 1. janúar, en eindagi 1. apríl. Eigi skal framkvæma skoðun bifreiðar eða bifhjóls nema sönnur séu færðar á að skoðunargjald hafi verið greitt fyrir viðkomandi gjaldár.

2. gr.

Sama skoðunargjald og greinir í 1. gr. skal greiða fyrir skoðun bifreiðar eða bifhjóls við skráningu, svo og fyrir skoðun við umskráningu hafi skoðunargjald vegna ökutækis eigi þegar verið greitt á árinu. Gjaldið greiðist við skráningu.

3. gr.

Fyrir árlega skoðun létts bifhjóls skal greiða 300 krónur í skoðunargjald.

4. gr.

Fyrir skoðun tengivagns eða festivagns, sem færa ber til almennrar skoðunar, skal greiða 1200 króna árlegt skoðunargjald.

Endurskoðun ökutækja.

5. gr.

Fyrir skoðun ökutækis, sem fært er til endurskoðunar í framhaldi af almennri skoðun ökutækisins, skal greiða 600 krónur. Fyrir endurskoðun létts bifhjóls skal þó greiða 200 krónur.

Sérskoðun bifreiða.

6. gr.

Fyrir sérskoðun bifreiðar skal greiða sérstakt skoðunargjald auk almenns skoðunargjalds sem hér segir:

- a) Fyrir endurskráningu bifreiðar sem felld hefur verið af aðalskrá 1500 krónur.
- b) Fyrir skoðun innfluttrar notaðrar bifreiðar við skráningu 1500 krónur. Gjald þetta greiðist eigi af bifreið sem flutt er til landsins sem hluti búslóðar eiganda.
- c) Fyrir skoðun bifreiðar sem breytt hefur verið frá upphaflegri gerð 3000 krónur.
- d) Fyrir skoðun bifreiðar fyrir aksturskeppni 600 krónur.
- e) Fyrir skoðun bifreiðar sem ætluð er til flutnings 10 farþega eða fleiri 3000 krónur.

Nú telur Bifreiðaeftirlit ríkisins þörf á sérstaklega umfangsmikilli skoðun á bifreið og er því þá heimilt að áskilja greiðslu kostnaðar við skoðun samkvæmt reikningi.

Gildistaka o.fl.

7. gr.

Skoðunargjald samkvæmt 3.–5. gr. og 1. mgr. 6. gr. greiðist til Bifreiðaeftirlits ríkisins áður en skoðun fer fram.

Skoðunargjald rennur í ríkissjóð.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 22. gr. umferðarlaga, nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi 1. janúar 1988.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um skoðunargjald ökutækja, nr. 541 30. desember 1986.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. desember 1987.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.